

Mál nr 16/2016

Ár 2017, þriðjudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ. Fyrir var tekið mál nr. 16/2016

A

gegn

B og C

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (A) sem barst siðanefnd 26. apríl 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (B & C) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að saka A um að hafa í starfi sínu falsað niðurstöður augnskoðana hjá hundum innan deildar (Z). Hefðu ásanirnar komið fram í umræðum inni á síðu deildarinnar á Facebook 6. apríl 2016. Fylgdu útprentanir af umræðunum með kærinni. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 7. júlí 2016 og þeim gefinn frestur til 4. ágúst s.á. til að skila inn andmælum. Vegna mistaka voru ekki send tilheyrandi gögn með bréfinu og með bréfi dagsettu 12. september s.á. var kærðu enn gefinn 4 vikna frestur til andmæla. Með bréfi dags. 14. október s.á. bárust svör frá kærðu og voru þau send kæranda til umsagnar, sem kaus að tjá sig ekki frekar. Þar eð sýnt þótti að ekki kæmu fram frekari gögn í málinu þá ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendum gögnum tóku kærðu þátt í umræðum inni á síðu Z sem hófust á Facebook 6. apríl. Þar voru m.a. ræddar niðurstöður augnskoðana og svokallaður rakkalisti deildarinnar. Kærandi telur að í umræðunum hafi kærðu gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að væna hana um að standa að fölsunum á niðurstöðum augnskoðana ákveðinna hunda innan deildar Z. Hafi kærðu nánar tiltekið brotið gegn grundvallarreglum HRFÍ frá 1. júní 2014, grein 1.2, þar sem segi að ávallt skuli koma þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti HRFÍ og tjá sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn. Kærðu tjáðu sig um málið með bréfi dags. 14. október, þar sem m.a. kom fram að gögn sem fylgdu kæru sýndu ekki heildarmyndina og að kæran væri byggð á misskilningi þar sem átt hefði verið við rakkalista Z en ekki vottorð dýralækna. Kærðu viðurkenndu jafnframt að mögulega hefði mátt gæta betur að orðavali. Kærðu andmæltu því að hafa brotið reglur HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ) frá 14. júní 2014, grein 1.2 ber félagsmönnum að koma ávallt þannig fram að það skaði ekki eða vinni á móti HRFÍ. Tjá sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn.

Á meðal gagna málsins eru útprentanir af umræðum sem hófust á síðu deildar (Z) 6. apríl 2016. Þar kemur skýrt fram að kærðu væna starfsfólk um að hafa breytt niðurstöðum augnskoðana hunda innan Z ákveðnum hundum í hag. Kærðu hafa málfrelsi og eru frjáls að því að tjá sig opinberlega. Það breytir því ekki að þau verða að taka ábyrgð á ummælum sínum sem hugsanlega brjóta gegn rétti annarra. Samkvæmt áður tilvitnuðum grundvallarreglum HRFÍ ber félagsmanni sérstaklega að gæta þess að tjá sig hvorki meiðandi um félagið né aðra félagsmenn innan HRFÍ og hafa kærðu

undirgengist nefndar reglur með félagsaðild sinni. Ekkert hefur komið fram í málinu sem styður áðurnefndar fullyrðingar kærðu um meintar falsanir og telur siðanefnd þau hafa vegið að heiðri kæranda og heilindum í starfi með ámælisverðum og meiðandi hætti. Hafa kærðu með hegðun sinni gerst brotleg við grein 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar, hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Siðanefnd telur ekki forsendur til að áminna kærðu fyrir ummæli sem látin voru falla í áðurnefndum umræðum á Facebook. Niðurstaða nefndarinnar er að þrátt fyrir það teljist ummælin ámælisverð og mælist hún til þess að kærðu gæti þess framvegis að brjóta ekki gegn grein 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ með framkomu sinni eða ummælum.

IV. Niðurstaða.

Kærðu, B og C, teljast hafa gerst brotleg við grein 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ með ummælum sínum 6. apríl 2016. Ummæli kærðu teljast ámælisverð.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir